

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 107 12. júlí 1967
um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Í stað „1000.00 kr.“ í 1. gr. komi: 3000.00 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 3. gr. komi: Ríkissaksóknari.

3. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. 4. gr. komi: ríkissaksóknari.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 73 21. júní 1973 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 61 21. maí 1974, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum, óverkuðum saltfiski, söltuðum þorsklökum, frystri rækju og freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1974 og framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum, óverkuðum saltfiski, söltuðum þorsklökum, frystri rækju og freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1974 og framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1974

Söltuð ufsaflök:

15/20	kr. 121.00
21/25	— 117.00
26/30	— 113.00
31/35	— 108.00
36/40	— 104.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.